

**5** Því fé, sem eftir verður í sjóðnum, þegar lánveitingum úr honum, samkvæmt 14. apríl 1. málsgr. þessarar greinar og 1. málsgr. 10. gr. laganna, er lokið, skal varið til lánveitinga til þeirra vélbátaeigenda, sem ekki hafa áður fengið lán úr sjóðnum. Lán þessi skulu veitt með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum sem í lögnum greinir. Skal veittur hæfilegur frestur til umsókna um lán þessi.

Lánveitingum samkv. þessari grein skal lokið 30. sept. 1937, og skal stjórn sjóðsins, sem skipuð var samkv. ákvæðum 10. gr. laganna, halda áfram störfum til þess tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 14. apríl 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

**6**

20. apríl

## OPIÐ BRÉF

um að Alþingi, sem nú er, sé rofið.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að forsætisráðherra af hálfu ráðuneytis Vars þegnlega hefir borið upp fyrir Oss tillögu um að rjúfa Alþingi það, sem nú er, og þar sem Vér höfum í dag allramildilegast fallizt á tillögu þessa, þá bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi, sem nú er, er rofið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 20. apríl 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*